

# Áhrif nýlegra breytinga á lögum um tekjuskatt á reikningsskil



REIKNINGSKILADAGUR FLE 19. SEPTEMBER 2008

KJARTAN ARNFINNSSON  
MP FJÁRFESTINGARBANKA



FJÁRFESTINGARBANKI

# Dagskrá



- **Helstu breytingar**
- **Reikningshaldsleg álitæfni og niðurstöður**
- **Dæmi**

# Helstu breytingar



- Heimilt er að draga frá skattskyldum tekjum hagnað af sölu hlutabréfa og skráða afleiðusamninga (þ.e. samninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf), hjá félögum sem falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
  - ✦ Skattskylda hagnaðar er ekki afnumin
  - ✦ Frádráttur frá skattskyldum tekjum er aðeins heimill ef yfirfæranlegt rekstrartap hefur verið jafnað, þar með talið tap sem myndast hefur á tekjuárinu.
  - ✦ Breytingin gildir um hagnað sem myndast frá og með 1. janúar 2008
  - ✦ Skattaleg meðferð frestaðs söluhagnaðar hlutabréfa árána 2006 og 2007 helst óbreytt. Nýrri lagaákvæði eiga ekki við.
- Tekjuskattshlutföll lækkuð:
  - ✦ Úr 18% í 15% hjá félögum skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. tskl.
  - ✦ Úr 26% í 23,5% hjá félögum skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. tskl.

# Dæmi um skattalega meðferð söluhagnaðar hlutabréfa



## Dæmi um skattalega meðferð söluhagnaðar hlutabréfa

### Forsendur

### Eignarhlutur í A hf.

Kaupverð	150
Skattalegt stofnverð	150
Söluverð	200
Innleystur söluhagnaður	50

Mögulegar aðstæður	1	2A	2B	3A	3B
<i>Reikningshaldslegur hagnaður ársins</i>					
Innleystur söluhagnaður hlutabréfa í A hf.	50	50	50	50	50
Annar hagnaður (tap)	-	100	125	(50)	(40)
Hagnaður ársins	50	150	175	-	10
<i>Skattalegar leiðréttingar</i>					
Yfirfæranlegt tap frá fyrri árum	-	(150)	(150)	-	-
Frádráttur á móti söluhagnaði hlutabréfa	(50)	-	(25)	-	(10)
Skattalegur hagnaður (tap) ársins	-	-	-	-	-

# Reikningshaldsleg álitæfni og niðurstöður



- **Álitæfni:**

Ber áfram að færa tekjuskattsskuldbindingu og frestaða skatteign vegna hlutabréfa og skráðra afleiðusamninga um hlutabréf þegar mismunur er á milli bókfærðs verðs og skattverðs þeirra?

- **Niðurstaða:**

Nei.

- ✦ Álitid sem svo að ekki sé lengur til staðar tímabundinn mismunur á milli bókfærðs verðs og skattverðs hlutabréfa skv. IAS 12.
- ✦ Bakfæra ber á árinu 2008 tekjuskattsskuldbindingu / frestaða skatteign sem var færð í efnahagsreikning í árslok 2007. Bakfærslan kemur í gegnum rekstrarreikning eða eigið fé, eftir því sem við á.

# Reikningshaldsleg álitæfni og niðurstöður



- **Álitæfni:**

Hafa breytingar á skattlagningu söluhagnaðar áhrif á færslu frestaðrar skatteignar vegna yfirfæranlegs taps?

- **Niðurstaða:**

Við mat á því hvort færa eigi frestaða skatteign í efnahagsreikningi skal taka tillit til þess hvort óinnleystur söluhagnaður, sem er til staðar á reikningsskiladegi, komi til með að lækka núverandi yfirfæranlegt tap í framtíðinni.

- ✦ Ekki skal færa frestaða skatteign vegna yfirfæranlegs taps ef líklegt er talið að tapið komi til með að nýtast einvörðungu á móti söluhagnaði hlutabréfa og skráðra afleiðusamninga um hlutabréf.

# Reikningshaldsleg álitæfni og niðurstöður



- **Álitæfni:**

Ber að færa áfram á árunum 2008 og 2009 tekjuskattskuldbindingu vegna söluhagnaðar sem frestað var á árunum 2006 og 2007 en ekki hefur ennþá verið endurfjárfest á móti?

- **Niðurstaða:**

Já.

- ✦ Reikningshaldsleg meðferð helst óbreytt þar sem skattaleg meðferð helst óbreytt.
- ✦ Færa ber tekjuskattskuldbindinguna úr efnahagsreikningi ef stofnverð keyptrá hlutabréfa á árunum 2008 og 2009 er lækkað á móti frestuðum söluhagnaði.

# Reikningshaldsleg álitæfni og niðurstöður



- **Álitæfni:**

Hvenær skal færa áhrif breyttrar meðhöndlunar söluhagnaðar hlutabréfa og skráðra afleiðusamninga um hlutabréf og áhrif lækkunar tekjuskattshlutfalls í reikningsskilum?

- **Niðurstaða:**

Um er að ræða breytingu á reikningshaldslegu mati (e. change in accounting estimate)

Færa skal áhrif breyttrar meðhöndlunar söluhagnaðar í reikningsskilum sem hafa dagsetningu efnahagsreiknings 26. maí 2008 eða síðar,

Færa skal áhrif breytinga tekjuskattshlutfalls í reikningsskilum félaga sem hafa dagsetningu efnahagsreiknings 7. júní 2008 eða síðar

- Sjá einnig minnisblað Reikningsskilanefndar FLE um Reikningshaldslega meðhöndlun fyrirhugaðrar breytingar á tekjuskattshlutfalli á Íslandi, dags. 22. apríl 2008

Hvað varðar reikningsskil sem hafa dagsetningu efnahagsreiknings fyrir ofangreindar dagsetningar en eru samþykkt eftir staðfestingu laga að þá ber að gera grein fyrir breytingum skattalaga og áhrifum þeirra á reikningsskilin í skýringum.

# Reikningshaldsleg álitæfni og niðurstöður



- **Álitæfni:**

Hvernig ber að færa áhrif breyttrar meðhöndlunar söluhagnaðar hlutabréfa og skráðra afleiðusamninga um hlutabréf og áhrif lækkunar tekjuskattshlutfalls í reikningsskilum?

- **Niðurstaða:**

Áhrif breytinga á tekjuskattshlutfalli færast í rekstrarreikning eða á eigið fé, varði hún liði sem þar eru færðir, t.d.:

- hlutabréf flokkuð sem “fjáreignir til sölu” (e. available-for-sale) skv. IAS 39,
- sjóðstreymisvarnir (e. cash flow hedges) skv. IAS 39,
- endurmat rekstrarfjármuna skv. IAS 16,
- breytanleg skuldabréf (sjá nánar IAS 12.Appendix A.Example 4),
- hlutabréfatengdar greiðslur (e. share-based payments), þegar við á.

# Reikningshaldsleg álitæfni og niðurstöður



- **Álitæfni:**

Hvaða skýringar þurfa félög sem gera upp í samræmi við IFRS að birta í ársreikningi 2008?

- **Niðurstaða:**

- Upplýsa skal í skýringum um helstu fjárhæðir sem mynda gjaldfærðan eða tekjufærðan skatt á árinu.

M.a. áhrif af breyttu tekjuskattshlutfalli

- Upplýsa skal sérstaklega um tekjuskatt sem er færður beint á eigið fé
- Upplýsa skal um samband gjaldfærðs tekjuskatts og bókhaldslegs hagnaðar.
- Útskýra skal breytingu á virku tekjuskattshlutfalli frá fyrra ári.
- Upplýsa skal um tímabundna frádráttarbæra mismuni og yfirfæranleg töp sem ekki hefur verið færð skattinneign fyrir.

# Dæmi 1A – Áhrif breytinga á skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa á reikningsskil



- Staða fyrir breytingu:

## Dæmi 1A

X hf.			Tímabundinn	Tekjuskattsskuldbinding
31. desember 2007	Bókfært verð	Skattverð	mismunur	(frestuð skatteign) 18%
Hlutabréf	200	150	50	9
Yfirfæranlegt tap	-	20	(20)	(4)
	<b>200</b>	<b>170</b>	<b>30</b>	<b>5</b>

- Spurning:
- Hvernig ætti félagið að færa og meta frestaðan tekjuskatt eftir skattalagabreytingar?

# Dæmi 1A – Lausn



- Félagið færir ekki lengur tekjuskattsskuldbindingu vegna hlutabréfa.
  - Tekjuskattsskuldbinding 31. desember 2007 er bakfærð á árinu 2008.
- Félaginu ber að meta hvort skilyrði fyrir eignfærslu frestaðrar skatteignar vegna yfirfæranlegs taps skv. IAS 12.34 er uppfyllt.
  - Meta hversu líklegt er að fyrirtækið muni afla skattskylds framtíðarhagnaðar (annars en af sölu hlutabréfa) áður en yfirfæranlega tapið fyrnist
    - ✦ Verður að líta til eðlis starfsemi fyrirtækis
  - Horfa til mögulegra skattalegra aðgerða (e. tax planning opportunities).
- Niðurstaðan: frestuð skatteign félagsins liggur á bilinu 0-3 (miðað við 15% skatthlutfall)

# Dæmi 1B



## Dæmi 1B

X hf.	Tímabundinn Tekjuskattsskuldbinding				
31. desember 2007	Bókfært verð	Skattverð	mismunur	(frestuð skatteign) 18%	
Fasteign	300	290	10		2
Hlutabréf	200	150	50		9
Yfirfæranlegt tap	-	20	(20)		(4)
<b>Samtals</b>	<b>500</b>	<b>460</b>	<b>40</b>		<b>7</b>

- Markaðsverð fasteignar er metið 400 á uppgjörssdegi.
- Spurning:
- Hvaða áhrif hefur fasteignin á færslu frestaðs tekjuskatts?

# Dæmi 1B – Lausn



- Líta til þess hvort hægt sé að nýta tapið á móti öðrum skattskyldum tímabundnum mismunum.
  - ✦ Félagið er með skattskyldan tímabundinn mismun vegna fasteignar (10) sem hugsanlega getur nýst á móti frestaðri skatteign.
    - Líta þarf til tímasetningar viðsnúnings mismunar (í gegnum notkun eða sölu)
- Meta ber hvort hægt sé að nýta tapið á móti mismun milli markaðsverðs og bókfærðs verðs fasteignar (100).
  - ✦ Hugsanlega þarf félagið að nota fasteignina áfram í rekstri sínum og erfitt er að segja til um það hvort félagið hafi tök á að selja eignina og tímasetning sölunnar er óviss (sbr. Insights 2007/8, 3.13.190.30).
    - Hugsanlega getur félagið nýtt sér skattalegar aðgerðir (e. tax planning).
- Meta hversu líklegt er að fyrirtækið muni afla skattskylds framtíðarhagnaðar (annars en af sölu hlutabréfa) áður en yfirfæranlega tapið fyrnist.
- Niðurstaða: frestaður tekjuskattur félagsins liggur á bilinu -1,5 (þ.e. frestuð skatteign) og +1,5 (þ.e. tekjuskattskuldbinding) miðað við 15% skatthlutfall.

# Dæmi 2 – Breyting á tekjuskattshlutfalli



## Dæmi um áhrif breytingar á tekjuskattshlutfalli

Hlutfall ehf.	Bókfært verð	Skattverð	Tímabundinn mismunur	Tekjuskattsskuldbinding (frestuð skatteign) 18%
<b>31. desember 2007</b>				
Hlutabréf til sölu (available-for-sale)	10.000	7.500	2.500	450
Varanlegir rekstrarfjármunir	20.000	15.000	5.000	900
Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna	5.000	-	5.000	900
Viðskiptakröfur	2.000	1.900	100	18
Lífeyrisskuldbinding	(3.000)	-	(3.000)	(540)
Hlutabréfatengdar greiðslur *	-	1.000	(1.000)	(180)
	<b>34.000</b>	<b>25.400</b>	<b>8.600</b>	<b>1.548</b>

Hlutfall ehf.	Bókfært verð	Skattverð	Tímabundinn mismunur	Tekjuskattsskuldbinding (frestuð skatteign) 15%
<b>1. janúar 2008</b>				
Hlutabréf til sölu (available-for-sale)	10.000	7.500	2.500	-
Varanlegir rekstrarfjármunir	20.000	15.000	5.000	750
Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna	5.000	-	5.000	750
Viðskiptakröfur	2.000	1.900	100	15
Lífeyrisskuldbinding	(3.000)	-	(3.000)	(450)
Hlutabréfatengdar greiðslur *	-	1.000	(1.000)	(150)
	<b>34.000</b>	<b>25.400</b>	<b>8.600</b>	<b>915</b>

\* Um er að ræða hlutabréfatengdar greiðslur sem hægt er að gera upp eingöngu með afhendingu hlutabréfa (e. equity-settled share-based payment). Í þessu dæmi er áætlaður skattalegur frádráttur 1.000 þann 31. desember 2007 en uppsafnaður kostnaður (sem hefur verið gjaldfærður í rekstrarreikningi) nemur 800. Vegna þessa hefur félagið fært 180 sem frestaða skatteign, annars vegar 144 í gegnum rekstrarreikning og 36 á eigið fé (sjá IAS 12.68A-C og IAS 12.Appendix A.Example 5).

## Dæmi 2 – Lausn



- Áhrifin vegna skattalagabreytinga:

Mismunur					
	Tekjuskattsskuldbinding (frestuð skatteign) 18%	Tekjuskattsskuldbinding (frestuð skatteign) 15%	Mismunur	Skipting	
				RR	Eigið fé
Hlutabréf til sölu (available-for-sale)	450	-	450		450
Varanlegir rekstrarfjármunir	900	750	150	150	
Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna	900	750	150		150
Viðskiptakröfur	18	15	3	3	
Lífeyrisskuldbinding	(540)	(450)	(90)	(90)	
Hlutabréfatengdar greiðslur	(180)	(150)	(30)	(24)	(6)
	<b>1.548</b>	<b>915</b>	<b>633</b>	<b>39</b>	<b>594</b>

- Skattalagabreytingar leiða til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu (633) sem skiptist þannig:
  - Áhrif breytingar á skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa til sölu (450) eru færð til hækkunar á eigin fé (þ.e. á undan áhrifum af lækkun tekjuskattshlutfalls).
  - Áhrif lækkunar tekjuskattshlutfalls (183) eru færð annars vegar til tekna í rekstrarreikningi (39) og hins vegar til hækkunar á eigin fé (144).



FJÄRFESTINGARBANKI